

Ár 2018, þriðjudaginn 27. febrúar, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 5/2017:

X

og

Y

Úrskurðinn kveða upp lögfræðingarnir Dögg Pálsdóttir og Elsa S. Þorkelsdóttir og sr. Svavar Stefánsson sem skipaður var ad hoc í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 1-5/2017 auk sérfróðs aðila dr. Berglindar Guðmundsdóttur sérfræðings í klínískri sálfræði sem úrskurðarnefndin ákvað að kveða sér til fulltingis við meðferð málsins, sbr. lokamálslið 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar.

Upp er kveðinn svohljóðandi

## Ú R S K U R Ð U R :

### 1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er X kt. [...]. Gagnaðili er Y kt. [...].

### 2. INNGANGUR

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (hér eftir úrskurðarnefnd) barst 2. október 2017 tölvubréf frá málshefjanda þar sem fram kemur að hún kæri háttsemi gagnaðila gagnvart sér á tímabilinu 2003-2017.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (hér eftir úrskurðarnefnd) kom saman 4. október 2017 til að ræða erindið. Á fundinum komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að þar sem málið varðaði sambærilega háttsemi og þrjú önnur mál sem snertu sama gagnaðila og sem bárust frá fagráði um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009 (hér eftir fagráð) teldi nefndin rétt að taka það til efnislegrar meðferðar.

Þá bókaði nefndin að þar sem þegar væri búið að skipa ad hoc nefndarmann til meðferðar mála nr. 1-3/2017 sem snertu sama gagnaðila væri rétt að hann tæki þátt í meðferð þessa máls hjá nefndinni.

Þar sem fyrir lá að gagnaðili var þegar kominn í leyfi frá störfum þurfti úrskurðarnefndin ekki að meta hvort rétt væri að leggja til að honum yrði veitt leyfi frá starfi meðan málið væri til meðferðar þótt í kvörtun fælist ásökun um siðferðis- eða agabrot.

Með tölvubréfi dags. 4. október 2017 tilkynnti úrskurðarnefndin málsaðilum framangreint.

Með tölvubréfi 23. september 2017 hafði Einar Gautur Steingrímsson hrl. tilkynnt að hann gætti hagsmuna gagnaðila í málum nr. 1-3/2017 fyrir úrskurðarnefndinni. Eftir að mál nr. 5/2017 barst nefndinni sinnti lögmaðurinn einnig hagsmunagæslu gagnaðila í þessu máli.

Í símtali 13. nóvember 2017 tilkynnti Þyrí H. Steingrímsdóttir hrl. að hún gætti hagsmuna málshefjanda í málinu fyrir úrskurðarnefndinni.

Við upphaf málsmeðferðar var það mat úrskurðarnefndar að eins og málið væri vaxið væri ekki ástæða til að leita sátta.

Málsaðilar lýstu gagnaöflun lokið við upphaf málflutnings sem fór fram 26. janúar 2018. Við málflutning leiddi gagnaðili [...] [...] [...] [...] sem vitni. Að málflutningi loknum var málið tekið til úrskurðar.

Eftir að úrskurðarnefndin tók málið til úrskurðar 26. janúar 2018 taldi nefndin sig þurfa nánari upplýsingar um það frá biskupi hvort og þá hvaða vitneskja hefði legið fyrir hjá biskupi við afgreiðslu máls málshefjanda í máli nr. 1/2017 um önnur mál sem nú eru til meðferðar hjá nefndinni. Var biskupi því ritaði tölvubréf þar að lútandi 1. febrúar 2018, sem var írekað 7. s.m. Svar biskups barst með tölvubréfi 12. febrúar 2018. Þar kom fram að við meðferð máls nr. 1/2017 vissi biskup einnig af máli nr. 2/2017 og þessu máli.

### 3. KRÖFUGERÐ

Málshefjandi óskar eftir að úrskurðarnefndin taki afstöðu til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart henni sé agabrot eða siðferðisbrot sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (hér eftir þjóðkirkjulög). Þá er þess krafist, komist nefndin að þeirri niðurstöðu að um agabrot sé að ræða, að gripið verði til þeirra úrræða sem 4. mgr. 12. gr. segir til um. Í báðum tilvikum vísar málshefjandi einnig til starfsreglna nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar (hér eftir starfsreglur um úrskurðarnefnd), einkum 5. gr. og a-d staflaða 17. gr. Þá krefst málshefjandi þess að hún fái greidda 20 tíma hjá sálfræðingi og launað starfsleyfi í tvo mánuði á árinu 2018.

Gagnaðili krefst þess aðallega að máli málshefjanda verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Til vara krefst gagnaðili þess að kröfum málshefjanda verði hafnað.

### 4. MÁLAVEXTIR

Málshefjandi lýsir málavöxtum í greinargerð sem hún lagði fram á fundi í úrskurðarnefnd 18. október 2017. Þar segist málshefjandi hafa þolað áreitni af hendi gagnaðila allt frá því að hún flutti skrifstofu sína í [...] haustið 2002 og fram á árið 2017. Áreitnin felist í: Narti í eyrnasnepla; kossum á kinn sem færast yfir á eyrnasnepla sem sleiktir séu snögg; kæfandi faðmlögum, þar sem henni sé lyft upp frá gólfi og haldið þétt í fangi hans; fótanuddi þar sem skór eru teknir af fæti og fótur nuddaður upp á kálfa. Málshefjandinn segir í greinargerð sinni að atvikin séu svo mörg á löngum tíma að hún muni þau ekki öll enda hafi hún reynt að ýta þeim markvisst út úr minni sínu.

Málshefjandi lýsir málavöxtum nánar svo að hún hafi verið nýflutt með skrifstofu sína frá [...] í [...] þegar gagnaðili hóf að bjóða henni fótanudd. Það var haustið 2002. Á þeim árum voru þau oftast tvö ein í morgunkaffi. Hann tók þá í annan fótlegg hennar, lyfti honum upp í kjöltu sína, færði hana úr skónum og nuddaði á henni tær og fót. Henni leið ekki vel en hafði ekki burði í sér að mótmæla honum á þessum tíma. Eitt skipti hafi þáverandi [...], sem nú er látinn, komið inn í kaffistofuna í miðju fótanuddi og andrúmsloftið hafi orðið mjög vandræðalegt.

Málshefjandi segist vel geta tímasett suma atburði vegna ákveðinna kringumstæðna og nefnir tvo í greinargerð sinni: Um kvöldmatarleytið 23. október 2003 var hún kölluð út vegna andláts fyrirverandi fermingar barns hennar. Á leið sinni í sorgarhús mundi hún eftir að hafa gleymt sálmabókinni heima. Hún var þá stödd rétt við [...] og sá ljós í [...]. Hún ákvað að koma við og fá lánaða sálmabók. Gagnaðili virtist vera einn í [...] og tók á móti henni. Hún bar upp erindið, hann brást vel við og sótti sálmabókina. Áður en hann rétti henni bókina tók hann utan um hana

og það Guð að styrkja hana í þessu erfiða verkefni. Hún man að hún hugsaði hversu heppin hún væri að vera komin inn í þetta umhverfi með vinnuáðstöðu sína. Þá þétti gagnaðili faðmlagið, kyssti hana á kinnina og sleikti á henni eyrnasnepilinn. Málshefjanda brá en sagði ekki neitt og með óþægindatilfinningu fór hún í sorgarhúsið til að styðja aðstandendur í sorg þeirra. Málshefjandi segir að hún átti eftir að reyna það oftar að þetta var háttur gagnaðila. Hann gerir það oft að knúsa fast, kyssa á kinn en færa sig svo eldsnöggt upp að eyra og narta í það.

Á hásumri 2007 kom málshefjandi til vinnu berfætt í bandaskóm. Hún man ekki glögg dagsetninguna en heitt var í veðri og sólríkt. Hún settist til vinnu inn á skrifstofu sinni. Skömmu síðar kom gagnaðili og settist í annan viðtalsstólinn hennar við hliðina á skrifborðinu. Hann dásamaði skóna hennar og spurði svo hvort hún vildi ekki fótanudd. Hún neitaði því. Áður en hún vissi af steig hann upp úr stólnum, kraup fyrir framan hana þar sem hún sat í skrifborðsstólnum, tók upp annan fót hennar og sleikti á henni tærnar. Hún man að hún spurði hann hvort það væri ekki allt í lagi með hann og hjartslátturinn dundi fyrir eyrum hennar. Hún hafi örugglega orðið mjög vandræðaleg. Gagnaðili lét eins og þetta væri ekkert mál og gekk inn á skrifstofu sína.

Málshefjandi skýrir frá því í greinargerð sinni að í marsmánuði 2010 hafi [...] sagt henni og nokkrum öðrum [...] að hún hefði upplifað áreitni af hendi gagnaðila fyrr á árinu. Þær sátu saman á fundi og þegar [...] hafði lýst atburðinum fyrir þeim ákvað hún að segja viðstöddum það sem hún hafði upplifað fram að því. Þær [...] ræddu nokkrum sinnum saman eftir þennan fund um þessa háttsemi gagnaðila. [...] það hana um að koma með sér og ræða við þáverandi formann fagráðs, sr. Gunnar Rúnar Matthíasson. Málshefjanda fannst það mjög erfitt en [...] taldi hana á endanum á að fara. Tilgangur fundarins með sr. Gunnari var aðallega sá að þær vildu að hann sem formaður fagráðsins vissi af háttsemi gagnaðila. Þær vildu einnig að reynslusögur þeirra væru til í gögnum fagráðsins ef sú staða kæmi upp að fleiri konur myndu leita til ráðsins vegna gagnaðila. Þær óskuðu eftir því að við hann yrði rætt en að nöfnum þeirra yrði haldið leyndum. Það var gert sérstaklega af tillitssemi við hana vegna skrifstofuáðstöðu hennar í sama húsi og gagnaðili. Þær vildu ekki ganga svo langt að koma fram með formlega kvörtun en treystu því að fagráðið myndi vinna vinnu sína vel.

Nokkrum vikum síðar kom gagnaðili inn á skrifstofu málshefjanda og það hana afsökunar á því ef hann hefði á einhven hátt farið yfir hennar mörk. Hún tók þeirri beiðni vel og sagði við hann að þau vissu bæði að það hefði hann gert. Sérstaklega tilgreindi hún fótanuddið. Síðan þá hafi hann mjög sjaldan boðist til að nudda á henni fæturna. Á fundum með úrskurðarnefnd sagði málshefjandi að þau tilboð hefðu hætt eftir þetta atvik. Málshefjandi ræddi ekki við gagnaðila um eyrnanartið og föstu faðmlögin þar sem henni væri lyft upp og hún hængi í faðmi hans í lausu lofti. Hún treysti sér einfaldlega ekki til þess.

Í greinargerð málshefjanda segist hún síðustu tvö árin hafa orðið vör við skapgerðarbresti í fari gagnaðila. Hann missi algjöra stjórn á skapi sínu, hækki róminn, verði höstugur og óvæginn í orðum. Hún hafi upplifað slíkt bræðiskast af hans hálfu og var lengi að jafna sig eftir það. Málshefjandi lýsir þrjónakaffi á fimmtudagsmorgni þar sem tal hafi borist að samviskufrelsi [...] og málsaðilar voru ekki sammála um skilgreininguna á því. Málshefjanda fannst það ekkert tiltökumál en gagnaðili reiddist illa. Hann hækkaði róminn og talaði til hennar eins og hann væri að skamma óþekkt barn. Hann hafi t.d. sagt orðrétt: „X, ég hélt þú værir betur gefin en þetta.“ Aldrei áður hafði gagnaðili talað svona til hennar. Samtalinu lauk með því að gagnaðili rauk upp, skellti kaffibollanum í vaskinn með látum og öskraði á þær að hann léti ekki nokkurn mann segja sér hvað hann ætti að segja eða gera. Næsta mánudag segist málshefjandi hafa farið inn til gagnaðila og sagt honum hversu illa henni hafi liðið með framkomu hans fimmtudeginum áður og að konurnar í kaffinu og hún hefðu verið gjörsamlega miður sín. Viðbrögð hans voru fyrst þau að hann reiddist henni aftur og sagði hana hafa rangt fyrir sér. Hann ætlaði að fara að munnhöggvast að nýju. Hún hafi brotnað saman fyrir framan hann og fór að hágráta. Það hafi

hún aldrei áður gert og hún telji sig ekki grátgjarna manneskju. Við það brá gagnaðila og baðst afsökunar en hún bað hann um að biðja konurnar líka afsökunar, sem hann gerði tveimur eða þremur vikum síðar.

Skömmu síðar hellti gagnaðili aftur úr skálum reiði sinnar og þá yfir [...] [...] [...]. Hluti af starfsfólkinu var í kaffitíma að ræða um endurskoðun á áfengislöggjöfinni. Í samtalinu kom framkvæmdastjórinn með athugasemd sem gagnaðili var ekki sáttur við þó hún hafi ekki beinst að honum persónulega. Gagnaðili æsti sig upp, talaði til [...] með þjósti og svo fékk hún að heyra sama og málshefjandi, að hann hefði búist við öðru af henni. [...] tók þetta nærri sér og forðaðist að verða á vegi gagnaðila í nokkurn tíma á eftir.

Málshefjandi skýrir svo frá að hún hafi reynt að líta fram hjá þessu öllu. Hún muni eftir því að einhvern tímann á þessum 15 árum hafi hún sagt gagnaðila að hún væri með ofnæmi fyrir rakspíra. Það hafi einungis verið gert til að reyna að komast hjá þessum föstu faðmlögum og óvæntu kossu og eyrnanarti.

Málshefjandi segir að það sem geri málið svo flókið sé að gagnaðili sé samstarfsmaður hennar og vinur. Um leið og henni þyki vænt um hann og líti að mörgu leyti upp til hans sem kollega þá misbjóði henni þessi ótæka framkoma hans. Hennar upplifun sé að hann geri lítið úr henni. Henni líði ekki eins og kollega þegar hann t.d. taki hana í fangið og lyfti henni upp eins og barni. Það sem hafi orðið til þess að hún ákvað að stíga fram og kæra gagnaðila til úrskurðarnefndar sé að hún viti persónulega frá fyrstu hendi um átta konur sem á einhvern hátt hafi upplifað sama hátterni og hún af hendi gagnaðila. Reynslusögur þessara kvenna séu sláandi og henni var mjög brugðið að heyra þær. Málshefjandi skýrir loks frá því að gagnaðili hafi brugðist við fregnum af kæru hennar með þeim hætti að saka hana um að taka þátt í normaveiðum. Það gerði hann í tölvubréfi sem hann sendi 5. október 2017 til „vina [...]”, m.a. [...], [...] og [...]. Málshefjandi telur að með tölvubréfinu hafi gagnaðili brotið þagnarskyldu sem á honum hvíli. Í það minnsta séu þessi viðbrögð ekki í samræmi við siðareglur [...] um gagnkvæma virðingu og heilindi í samskiptum við aðra [...].

Með greinargerð málshefjanda fylgja yfirlýsingar fimm kvenna. [...] skýrir frá tilkynningu hennar og málshefjanda til fagráðsins á fundi með formanni þess 13. apríl 2010. Hún segir í yfirlýsingu sinni, dags. 10. október 2017 að vegna atviksins gagnvart henni hafi hún farið á skrifstofu gagnaðila einhverju eftir að hún og málshefjandi fóru til fagráðsins. Hennar atvik gerðist 23. febrúar 2010. Hún ræddi atvikið við gagnaðila. Hann bað hana afsökunar en hún taldi ljóst af samtalinu að hann gerði sér ekki grein fyrir hvað var óviðeigandi í framkomu hans við hana. Hann hefði sagst vera mjög undrandi á að hún hafi upplifað atvikið óviðeigandi og sagðist velja því fyrir sér hvað málshefjandi mætti þá segja því miðað við það hafi framkoma hans við hana verið mun alvarlegri. [...] segir í yfirlýsingunni að hún og gagnaðili hafi átt vinsamleg og góð samskipti síðan og hann hafi virt persónuleg mörk í þeirra samskiptum. [...] skýrir frá því í yfirlýsingunni að formaður fagráðsins hafði samband við hana símleiðis 22. mars 2011 til að athuga hvort fagráðið mætti taka upp með formlegum hætti atvikið sem hún greindi honum frá 13. apríl 2010. Hún óskaði þess að aðhafast ekki frekar en samþykkti að óformlega væri rætt við gagnaðila og honum gerð grein fyrir að tvær konur hefðu tilkynnt atvik er varði kynferðislega áreitni af hans hálfu og þau væru skráð hjá fagráði. Hún leyfði einnig að nafn hennar væri nefnt í því sambandi. Þann 24. mars 2011 hafði formaður fagráðsins aftur samband símleiðis og tjáði henni að hann hefði rætt við gagnaðila þar sem honum var gerð grein fyrir því að fagráðið liti á atvikin sem kynferðislega áreitni. Viðkomandi þolendur hefðu kosið að fara ekki lengra með málið en heimilað fagráði að upplýsa hann um tilkynningarnar. Gagnaðili var upplýstur um nafn hennar í samræmi við samþykki hennar. [...] skýrir síðan frá því í yfirlýsingu sinni að síðla árs 2014 hafi farið fram tilnefningar til [...] í [...]. Í ljósi vitneskju sinnar taldi [...] sér skylt að ræða valið við biskup. Þann 18. desember 2014 fór hún á fund biskups og greindi henni frá því að hún mæti það svo að gagnaðili gæti ekki orðið [...] í [...].

Rök hennar voru þau að hún og önnur ónafngreind kona hefðu árið 2010 tilkynnt fagráði um óviðeigandi snertingu og kynferðislega áreitni af hálfu gagnaðila. Biskup staðfesti í tölvubréfi 12. febrúar 2018 þennan fund hennar og [...].

[...] segir í yfirlýsingu dags. 7. október 2017 að allt frá árinu 2010 hafi málshefjandi sagt henni frá ósæmilegri hegðun sem gagnaðili hefði í frammi við hana. Atburðirnir sem hún sagði frá voru fleiri en einn en sérstaklega sitji í huganum tilvik frá árinu 2003 þegar hann í [...] veittist að málshefjanda þegar hún átti erindi á vinnustaðinn, faðmaði hana og stakk tungunni í eyra hennar eða sem oftast var, faðmaði og nartaði í eyrnasnepla.

[...] segir í vitnisburði dags. 11. október 2017 frá atvikinu í kaffistofunni, sem áður er rakið.

[...] segir í vitnisburði dags. 12. október 2017 að á löngu tímabili eða allt frá árinu 2004 hafi málshefjandi sagt henni frá hegðun sem samkvæmt hennar skilningi flokkist undir að vera ósæmileg, brot gegn kynfrelsi. Sá sem í hlut eigi sé gagnaðili. [...] segist ekki hafa dagsetningar eða tölu á þeim atvikum en nefnir fáein dæmi: Málshefjandi var á leið í sorgarhús og kom við í [...] að ná í sálmabók. Gagnaðili var þar staddur, segist vilja faðma hana og veita henni styrk. Hún þiggur það en veit ekki fyrr en hann sleikir á henni eyrnasnepilinn. Þetta hafi valdið málshefjanda mikilli angist, hún fraus en þurfti að halda áfram í sínu mikilvæga verkefni. Málshefjandi mætir til vinnu á björtum sumardegi í opnum skóm. Hún er að ræða við gagnaðila og veit ekki fyrr en hann krýpur á gólfið og sleikir tær hennar. Mörg atvik þar sem gagnaðili faðmar málshefjanda og sleikir í leiðinni eyra eða eyrnasnepil. [...] segir hana og málshefjanda oft hafa rætt hvernig bregðast eigi við og hvort ekki væri ástæða til að tilkynna þessa hegðun til til þess berra aðila. Það sem geri málið sérstaklega snúið og þungbært sé að málshefjandi er með skrifstofu og aðstöðu [...] í [...].

[...] staðfestir í vitnisburði dags. 12. október 2017 að málshefjandi hafi ítrekað komið til hennar á þeim tíma sem þær voru báðar með starfsaðstöðu í [...] og sagt henni frá óþægilegri og ópassandi framkomu gagnaðila í hennar garð. Þær störfuðu saman frá haustdögum 2003 til áramóta 2014. [...] segir að snemma árs 2004 hafi málshefjandi sagt henni að stundum þegar þau væru á tveggja manna tali tæki gagnaðili fætur hennar í kjöltu sér og nuddaði á henni tærnar óumbeðinn. Þá hefði málshefjandi sagt henni að gagnaðili ætti það til að faðma hana þétt að sér og ýmist narta í eyrnasnepilinn á henni eða sleikja á henni eyrað. [...] man ekki nákvæmlega hvenær þessir atburðir áttu sér stað en þetta hafi gerst endurtekið þessi ár. Hún veit ekki hvort málshefjandi hafi sagt henni frá öllum tilfellunum en þegar hún sagði henni frá þessu fannst henni gagnaðili hafa farið langt yfir strikið og fannst þetta óþægilegt og leiðinlegt. Minnisstæðasta atvikið hafi verið að sumarlagi 2007. Þá mætti málshefjandi í vinnuna berfætt í sandölum. Hún hafi komið inn á skrifstofu hennar og sagt að nú hefði gagnaðili alveg gengið fram af sér. Einu sinni sem oftast tók hann í fæturnar á henni og sleikti á henni tærnar. Málshefjanda var verulega misboðið og tók þetta nærri sér.

Vorið 2010 sagði málshefjandi henni frá því að gagnaðili hefði kallað hana á fund til sín og greint henni frá því að mál gegn honum væri til umfjöllunar hjá fagráði þar sem hann væri sakaður um ósæmilega hegðun gagnvart kollega. Hann sagðist miður sín yfir þessu og vildi biðjast afsökunar á því ef hann hefði gert eitthvað á hennar hlut. Málshefjandi hafi gert honum ljóst að hann hefði farið yfir strikið í hegðun og að það væri óþægilegt en samþykkti afsökunarbeiðni hans.

Eftir þetta man [...] ekki eftir því að málshefjandi hafi talað um það að gagnaðili nuddaði á henni fæturnar. Hins vegar muni hún eftir því að málshefjandi skýrði henni frá því að ekkert hefði breyst varðandi þétt faðmlög. Einnig man hún eftir að hún sagði að hann væri ekki hættur að narta í eyru.

Á fundi úrskurðarnefndar 18. október 2017 skýrði málshefjandi aðspurð frá því að biskup hafi hringt í hana sl. vor eftir að biskup heyrði af máli málshefjanda í máli nr. 1/2017. Málshefjandi skýrði einnig frá því að hún hefði rætt málið við [...] [...].

Á fundi úrskurðarnefndar 9. janúar 2018 segist málshefjandi aðspurð hafa farið með [...] til að ræða við sr. Gunnar Rúnar. Þær vildu láta fagraðið vita og að fagraðið myndi ræða við gagnaðila. Einhverju síðar kom gagnaðili til hennar, settist niður á skrifstofu hennar og henni fannst honum líða illa. Hún spurði hvort allt væri í lagi og þá sagði hann: Ef ég hef einhvern tíma gert eitthvað þá bið ég þig afsökunar. Hún segist hafa svarað: X minn það er ekkert ef. Seinna hafi hún komist að því að gagnaðili átti sams konar samtal við annan samstarfsmann. Málshefjandi man ekki eftir að hann hafi boðið henni fótanudd eftir 2010. Þau hafi verið á árunum 2002-2010. Málshefjandi segist seinþreytt til vandræða og þess vegna leiddi hún framkomuna meðvitað og ómeðvitað hjá sér.

Málshefjandi segist oft hafa sagt við gagnaðila að hann héldi henni of fast og of lengi.

Málshefjandi rifjar upp atvik í byrjun árs 2017 þar sem hann faðmaði hana fast og hélt henni þannig að hún dinglaði, þefaði af henni og nartaði í eyrað. Hún upplifði slíkt faðmlag ekki sem jafningafaðmlag. Hún sagðist hafa fundið til vanmáttar gagnvart honum.

Málshefjandi rifjaði upp á fundinum atvik frá jólum 2016 þar sem [...] benti gagnaðila á að smákökur væru fyrir fleiri. Þá heimtaði hann að málshefjandi fengi sér smáköku. Hún neitaði. Þá tók hann sér stöðu bak við hana og tróð upp í hana smáköku svo blæddi úr vörum. Þetta atvik væri nýlega búið að rifjast upp fyrir henni og þriðji aðili hefði rifjað það nýlega upp við hana.

Aðspurð segir málshefjandi að gagnaðila faðmi karla með öðrum hætti en konur. Hann lyftir þeim ekki upp eða narti í eyru þeirra.

Málshefjandi segist ekki upplifa sig sem dapra en hún sé lengi búin að berjast við óútskýrðan háþrýsting. Hún hafi rætt við sálfræðing, sem telur samskiptin hafa haft mikil áhrif á hennar líðan.

Aðspurð sagði málshefjandi að faðmlög væru ekki daglegur hluti samskipta á vinnustaðnum en t.d. um áramót, jól, afmæli og eftir fjarveru.

Málshefjandi rifjaði upp faðmlag fyrir framan aðra í tengslum við afmæli hennar sumarið 2016. Gagnaðili hafi hossað henni og þefað af henni. Henni hafi fundist þetta mjög óþægilegt. Málshefjandi telur gagnaðila ekki sjá hvar venjuleg mörk liggja. Hún trúir því ekki að framkoman sé til að láta henni líða illa.

Aðspurð segist málshefjandi aldrei hafa upplifað ógn eða ótta vegna framkomu gagnaðila, einungis óþægindi, en segist ekki kalla allt ömmu sína.

Aðspurð segir málshefjandi frá ýmsum jákvæðum samskiptum þeirra. Þau skiptust stundum á gjöfum þegar þau komu frá útlöndum. Hún segist stundum hafa haft áhyggjur af heilsunni hans. Hún segist í mörg ár hafa leyst hann af á jóladag. Hún segir framkomu hans og hegðun mjög þversagnakennda.

Í greinargerð lögmanns gagnaðila kemur fram að gagnaðili samþykkir ekki málavaxtalýsingu málshefjanda og vísar til eigin greinargerðar. Í greinargerð gagnaðila sjálfs um samskipti hans og málshefjanda sem fylgdi greinargerð lögmanns hans dags. 27. nóvember 2017 til úrskurðarnefndarinnar staðfestir hann að fyrir mörgum árum hafi hann boðið henni fótanudd (fyrir neðan ökkla) sem hann hélt að gæti gert henni gott. Málshefjandi hafi afþakkað og þar með hafi það verið frá. Gagnaðili fullyrðir að tunga hans hafi aldrei snert hana. Í greinargerðinni vísar gagnaðili málalíbúnaði málshefjanda algerlega á bug, hvað þá að hafa viðhaft

kynferðislega háttsemi gagnvart henni. Öll samskipti þeirra hafi verið gagnkvæm á öllum sviðum og ekkert af hennar hálfu bent til þess að hún kærði sig ekki um þau. Allt fram á vor 2017 hafi málshefjandi haldið áfram að faðma hann að fyrri bragði þegar henni hentaði.

Í greinargerð sinni rifjar gagnaðili upp samskipti sín við formann fagráðs árið 2011. Fv. formaður þess hafi í mars það ár sagt honum lauslega frá kvörtunum tveggja [...] yfir framkomu hans. Hann hafi nafngreint hvoruga en hann taldi fullvíst að önnur væri [...]. Hún hafði talað við hann snemma árs 2010 eftir atvik sem hún lýsi í vitnisburði sem fyrir liggja í málinu. Hann hélt að eftir samtal þeirra [...] hefði það mál verið úr sögunni en í vitnisburði hennar komi fram að nokkrum árum síðar notaði hún það í samtali við biskup til að koma í veg fyrir að hann kæmi til greina sem [...]. Í því sambandi sé vert að rifja upp að [...] var sjálf ein fjögurra [...] sem sóttust eftir tilnefningu í [...]embættið. Gagnaðili segist undrandi á vitnisburðum [...] [...] og [...]. Allar þrjár hafi ásamt honum og tveimur fleirum verið í hópi sem hann bauð nokkrum sinnum í steiktan fisk í [...], síðast í tvö skipti á útmánuðum 2014 en þá lagðist þetta af. Aldrei kom fram hjá [...] og [...] að hann hefði farið yfir strikið gagnvart málshefjanda og þær hafi báðar umgengist hann óþvingað og eðlilega, allt þar til haustið 2017. Gagnaðili telur að þetta hefðu þær örugglega ekki gert ef þær teldu hann hafa brotið gegn málshefjanda. Sama telur gagnaðili eiga við um [...] sem einnig gefi vitnisburð. Milli þeirra hafi verið eðlileg og góð samskipti. Gagnaðili segist skilja ummæli málshefjanda um skapgerðarbresti þannig að undanfarin tvö ár eða svo hafi málshefjandi sjálf átt erfitt heilsufarslega og gengist undir ýmsar rannsóknir. Hann hafi einsett sér að sýna henni umhyggju og hlýju. Vissulega hafi hann oft faðmað hana en hún hafi líka komið í faðm hans að fyrri bragði og sagt „ég þarf á þessu að halda núna“. Hann hafi sagt henni að hún ætti sig að og hún viti vel hvað það þýði og þýði ekki því hann hafi aldrei, hvorki í orði né framkomu gefið henni minnstu ástæðu til að ætla að hann væri hrifinn af henni og vildi vera með henni. Og þótt hún hafi sest í kjöltu hans, komið með brauð að heiman sem var sérstaklega ætlað honum, einnig heimagert múslí, og oft kallað á hann að koma í kaffi þá hafi hann aldrei litið á samskipti þeirra sem neitt meira en góðan kunningsskap eða vísi að vináttu. Málshefjandi sé almennt óspör á faðmlög við aðra og þurfi hvorki löng né mikil kynni til að henni finnist það eðlilegur samskiptamáti.

Á fundi með úrskurðarnefnd 5. desember 2017 vísaði gagnaðili í frásögn sína sem fylgdi greinargerð lögmanns hans. Hann segir að eftir á að hyggja hefði hann 2011 átt að átta sig á að það væri málshefjandi sem væri hinn [...] sem leitaði til fagráðsins og útilokar ekki að hann hafi beðið afsökunar með þeim hætti sem hún lýsir. Gagnaðili segist hafa verið gætnari gagnvart öllum persónumörkum eftir handleiðsluna 2011 hjá [...] sálfræðingi. Hann man ekki hvað lengi handleiðslan stóð yfir en sennilega fram á haust 2011. Hann telur sig sjaldnar hafa frumkvæði að faðmlögum eftir handleiðsluna og telur málshefjanda í þessu máli ekki síður hafa átt frumkvæði að faðmlögum. Gagnaðili segir að víða í kirkjunni sé mikið um faðmlög bæði gagnvart konum og körlum. Í því felist ekkert kynferðislegt, einungis hlýja.

Gagnaðili segist ekki faðma börn og ungmenni í kirkjulegu starfi. Hann faðmi ekki skjólstæðinga að fyrri bragði. Það sé misjafnt hvort hann faðmi samstarfsfólk og það sé ekki kynbundið.

Aðspurður neitar gagnaðili að hafa nokkurn tímann snert málshefjanda með tungunni. Hann kannast ekki við að hafa nartað í eyru málshefjanda. Hann kannast við fótanudd, sennilega tvisvar fyrir 2011. Hann kannast við að hafa faðmað og lyft málshefjanda upp.

Á fundi úrskurðarnefndar 9. janúar 2018 segir gagnaðili að mikið sé faðmast í kirkjulegu starfi, á lútherskum hjónahelgum og í tólfsporastarfi. Hann segist hafa það sem algera vinnureglu að faðma aldrei skjólstæðinga.

Gagnaðili segir málshefjanda faðma fólk mikið. Hann sé sjálfur ekki alinn upp við faðmlög en sýni fólki hlýju ef það sækist eftir því. Hann faðmi ef fólk faðmar hann að fyrri bragði.

Aðspurður segir gagnaðili ekki venjulegt hjá sér að lyfta upp fólki í faðmlagi en kannast við að hafa lyft stundum upp fólki, bæði konum og körlum. Lyftingar í faðmlögum telur hann meira vera stæla. Hann sé í eðli sínu frakkur og ágengur.

Gagnaðili kannast við að fram til 2010 hafi hann boðið upp á fótanudd. Hann hætti því eftir viðtölin við [...]. Hann segist nánast eingöngu hafa boðið konum upp á fótanudd. Ekkert kynferðislegt hafi falist í þeim boðum heldur var það gert til að láta þeim sem hann bauð nuddið líða vel. Gagnaðili segist aldrei hafa séð neitt kynferðislegt við fótanudd. Hann hafi boðið fáeinum fótanudd og taldi það óhætt.

Aðspurður taldi gagnaðili handleiðsla [...] sennilega hafa verið 10 tíma. Hann hafi tvisvar síðan farið að eigin frumkvæði til [...]. Hann hafi sett ramma í samskiptum eftir viðtölin við [...] bæði gagnvart samstarfsfólki en fyrst og fremst gagnvart skjólstæðingum. Hann hafi hins vegar ekki skorið á samskipti sem hafi þróast gegnum árin.

Eftir viðtölin í sumar við [...] sálfræðing segist gagnaðili hafa farið að passa sig ennþá betur. Hann segist hafa hugsað öll samskipti eftir þá vinnu og breytti í sumu. Gagnaðili veit ekki hvort það hafi verið á vitorði samstarfsmanna að hann fór í viðtöl hjá [...].

Gagnaðili hefur alltaf talið samskipti sín og málshefjanda vera vinsamleg. Hún talaði mikið um hvað henni liði vel í [...]. Hann minnst þess ekki að hafa beðið málshefjanda afsökunar en útilokar það ekki. Hann segir þau ekki hafa átt snertingalaus samskipti en það hafi ekki verið að búa til tilefni fyrir faðmlög og þau hafi bæði átt frumkvæði að faðmlögum.

Aðspurður kannast gagnaðili við u.þ.b. fimm skipti þar sem honum var beint sagt að snerting eða boð um snertingu færu út fyrir mörk.

## 5. MÁLSÁSTÆÐUR MÁLSAÐILA

### 5.1 Málsástæður málshefjanda

Háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda frá 2002 til 2017 að faðma hana, lyfta henni upp svo hún hafi hangið föst í faðmi hans í lausu lofti og þá kyssa kinnar hennar eða sleikt og/eða sleikt eyrnasneppilinn eða nartað í eyra.

1. Frá gildistöku reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað teljist þessi háttsemi gagnaðila einelti og allt þar til reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum tók gildi. Eftir það falli þessi háttsemi undir hugtakið kynferðislega áreitni í skilningi 8. gr. reglugerðarinnar.
2. Frá árinu 2002 brjóti þessi háttsemi gagnaðila einnig í bága við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um kynferðislega áreitni. Hið sama eigi við eftir gildistöku laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 24. grein þeirra. Til vara hafi verið um kynbundna áreitni að ræða.
3. Frá gildistöku laga nr. 62/2014 falli háttsemi gagnaðila undir hugtakið kynbundið ofbeldi í skilningi 5. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008, allt þar til síðasta brot var framið í seinni hluta janúar eða fyrri hluta febrúar 2017, sbr. 24. gr. laganna. Til vara sé um kynferðislega áreitni eða kynbundna áreitni að ræða.
4. Frá birtingu auglýsingar nr. 955/2009 um starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar teljist háttsemi gagnaðila kynferðislegt ofbeldi og allt þar til síðasta brot var framið. Ekki hafi einungis verið um káf og kossa að ræða heldur beitt aflsmunar. Gagnaðili taki þéttingsfast utan um málshefjanda af öllum kröftum þannig að hún situr föst í faðmi hans. Hann lyftir henni oft upp án fyrirvara þannig að hún hangir í lausu lofti í faðmi hans. Þá hossar hann henni eins og litlu barni enda ná fætur hennar ekki niður þar sem hún hangir í faðmi hans. Hann ráði algerlega lengd faðmlagsins þar sem málshefjandi geti sig



hvergi hrært í fangi hans. Til vara feli háttsemin í sér kynferðislega áreitni í skilningi starfsreglnanna.

5. Í sérhvert sinn hafi gagnaðili með háttsemi sinni brotið greinar 3.1, 3.2 og 3.6 í siðareglum [...] frá árinu 1994 enda sé slík hegðun andstæð góðu samstarfi og samkennd þar sem[...] sýni hver öðrum heilindi og virðingu. Á sama hátt hafi greinar 3.1 og 3.5 siðareglna samþykktar á aðalfundi [...] 24. apríl 2007 verið brotnar frá þeim tíma og 2. og 3. tölul. siðareglna [...] um gagnkvæma virðingu og heilindi í samskiptum sínum við aðra [...] samþykktar 3. september 2012 einnig verið brotnar frá þeim tíma.
6. Með háttsemi sinni gagnvart málshefjanda eftir 22. apríl 2012 hafi gagnaðili brotið 5. og 11. tölul. almennra siðareglna starfsmanna ríkisins.

Málshefjandi segir gagnaðila hafa um hásumar 2007 á skrifstofu hennar tekið, gegn skýrum andmælum hennar, annan fót hennar og sleikt á henni tærnar:

1. Háttsemi gagnaðila hafi verið kynferðisleg áreitni þar sem brotin voru bæði ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
2. Háttsemi gagnaðila hafi einnig verið einelti í skilningi 3. gr. reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað.
3. Gagnaðili hafi með háttseminni brotið greinar 3.1 og 3.5 í siðareglum samþykktum á aðalfundi [...] 2. apríl 2007, enda sé slík hegðun andstæð góðu samstarfi og samkennd þar sem [...] sýna hverjir öðrum heilindi og virðingu.

Málshefjandi segir gagnaðila í fimmtudagskaffi í [...] í október eða nóvember 2016 hafa í mikilli reiði og heift viðhaft eftirfarandi orð um hana: „X, ég hélt að þú værir betur gefin en þetta.” Með þessum orðum hafi gagnaðili talað á afar niðurlægjandi og auðmýkjandi hátt til konu, gagngert í þeim tilgangi að sýna andstyggð sína og misbjóða henni. Til að leggja áherslu á orð sín og skapa ógnandi aðstæður hafi gagnaðili auk þess rokið upp, skellt kaffibolla í vaskinn með látum og öskrað á viðstadda að hann léti ekki nokkurn mann segja sér hvað hann ætti að segja eða gera.

1. Háttsemi gagnaðila feli í sér kynbundna áreitni í skilningi 3. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2014.
2. Háttsemi gagnaðila feli einnig í sér kynbundna áreitni skv. c-lið 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar.
3. Gagnaðili hafi með háttseminni brotið gegn greinum 3.1 og 3.5 í siðareglum sem samþykktar voru á aðalfundi [...] 24. apríl 2007 svo og 2. og 3. tölul. siðareglna [...] um gagnkvæma virðingu og heilindi í samskiptum sínum við aðra [...] samþykktar 3. september 2012.
4. Gagnaðili hafi með háttseminni brotið gegn 5. og 11. tölul. almennra siðareglna starfsmanna ríkisins.

Málshefjandi segir gagnaðila með tölvubréfi 5. október 2017 hafa dreift kæru málshefjanda til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar til [...], [...] og [...] og þannig boðið upp á frekari dreifingu skjalsins rafrænt. Með háttseminni hafi gagnaðili gagngert verið að vinna gegn því að málshefjandi gæti á sanngjarnan hátt leitað réttar síns og fengið viðunandi vinnuáðstæður eins og hún eigi að lögum rétt á. Í tölvubréfinu saki gagnaðili málshefjanda um „nornaveiðar” þannig að háttsemin tengist kyni málshefjanda þar sem verið er að dylgja um að kærán um kynferðislega áreitni hans og ofbeldi eigi ekki við rök að styðjast. Með þessu hafi gagnaðili markvisst niðurlægt málshefjanda og valdið henni vanlíðan með því að eittra samband hennar

við móttakendur bréfsins sem starfa að málefnum kirkjunnar á sama vinnustað og hún vinnur á.

1. Í þessari háttsemi gagnaðila felist sjálfstætt brot um kynbundna áreitni í skilningi 3. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
2. Í þessari háttsemi gagnaðila felist einnig kynbundin áreitni skv. c-lið 3. r. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.
3. Með þessari háttsemi hafi gagnaðili brotið greinar 3.5 og 4.1 í siðareglum samþykktum á aðalfundi [...] 24. apríl 2007.
4. Með þessari háttsemi hafi gagnaðili brotið 2., 3. og 8. tölul. siðareglna [...] um gagnkvæma virðingu og heilindi í samskiptum sínum við aðra [...] svo og þagnarskyldu.
5. Með þessari háttsemi hafi gagnaðili brotið 6., 8. og 11. tölul. almennra siðareglna starfsmanna ríkisins.

## 5.2 Málsástæður gagnaðila

Gagnaðili byggir aðalkröfu sína, kröfu um frávísun, aðallega á því að tilvitnuð 17. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd eigi aðeins við um agabrot samkvæmt ákvæðinu sjálfu, sbr. 12. gr. þjóðkirkjulaga. Þeim verði því ekki beitt um meint siðferðisbrot. Bæði ákvæðin geri skýran greinarmun á þessu tvennu. Það komi aldrei til greina að túlka lög í andstöðu við texta þeirra til að geta beitt svo íþyngjandi ákvæðum sem þar eru nefnd. Það séu einnig efnisrök til að gera greinarmun á þessu tvennu. Agabrot geti falist í óhlýðni við lög eða yfirmenn, neita að halda messur eða framkvæma kirkjulegar athafnir. Þá sé eðlilegt að geta brugðist svona við. Sömu efnisrök eigi ekki við um siðferðisbrot þótt þau geti af öðrum ástæðum haft afleiðingar í för með sér fyrir starf [...]. Það sé því utan við lögbundið valdsvið nefndarinnar að taka afstöðu til krafna málshefjanda. Þá þurfi að sanna, eins og krafan sé sett fram, að gagnaðili hafi framið kynferðisbrot í skilningi 199. gr. almennra hegningarlaga. Slík sönnunarfærsla geti ekki farið fram fyrir nefndinni enda lögreglu að rannsaka slík brot sbr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og dómstóla að kveða upp úr með slíkt. Komist úrskurðarnefndin að niðurstöðu um að gagnaðili hafi framið kynferðislega áreitni og reisi úrskurð á því felist í honum ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. alm. hgl. þótt í úrskurðarformi væri og er vísað til hrd. 314/2012 þar að lútandi. Þótt heimilt sé að grípa til ráðstafana til að fyrirbyggja kynferðislegt áreitni án þess að grunur sé felldur á einhvern þá fari slíkt fram eftir lögum nr. 46/1980 sbr. reglugerð nr. 1009/2015. Ekki sé hægt að fjalla um málið á þessum forsendum hjá úrskurðarnefnd, eðli málsins samkvæmt.

Varakröfu sína um að kröfum málshefjanda verði hafnað byggir gagnaðili á því að hann telur sig aldrei nokkurn tímann hafa gert neitt í óþökk málshefjanda. A.m.k. hafi hann alltaf verið í góðri trú. Hann telur sig heldur ekki hafa gert eitthvað sem hefur áhrif á sjálfsvirðingu málshefjanda og enn síður að slíku hafi verið haldið áfram eftir að gefið hafi verið í skyn óvelkomin hegðun af hans hálfu. Allt þetta þrennt þurfi að vera fyrir hendi svo athöfn teljist til kynferðislegrar áreitni. Eftir að gagnaðili frétti að einhverjum konum hafi þótt framkoma hans óþægileg brást hann við gagnvart málshefjanda með því að biðjast afsökunar á öllu sem hann kynni að hafa sært hana með. Þetta var gert til öryggis án þess að hann vissi til þess að hann hefði gert á hennar hlut. Þetta var meðtekið. Síðan áttu engin atvik sér stað sem málshefjandi telur kynferðislega áreitni. Gagnaðili hafi alltaf gert sér far um að koma fram við málshefjanda af fullri virðingu. Hann hafi alltaf verið í góðri trú um að svo hafi verið enda tekist með þeim ágæt vinátta eins og málshefjandi lýsir sjálf. Gagnaðili myndi aldrei sýna málshefjanda framkomu sem hún gæfi í skyn að væri henni á móti skapi.

Réttarfarslegar afleiðingar skilgreininga í lögum nr. 10/2008 séu þær að leggja skyldur á atvinnurekendur að koma í veg fyrir háttsemi sem þar sé lýst. Engin þurfi að hafa verið uppvís að kynferðislegri áreitni til að slíkt sé gert enda miðar vinnuverndarstarf að því að fyrirbyggja andlega vanlíðan. Undir engum kringumstæðum leyfist atvinnurekanda að beita viðurlögum. Það er annarra að gera það. Kirkjan hafi enga sérstöðu í þessum efnum.

Biskup hafi þegar brugðist við gagnvart gagnaðila. Hann sá til þess að gagnaðili ræddi við sálfræðing sem staðfesti að engin hætta væri á að gagnaðili yrði með tiburði sem konum gætu þótt óþægilegar hvað þá að þær ættu á hættu að þola kynferðislega áreitni. Með þessu taldi biskup að búið væri að fyrirbyggja vandamál í framtíðinni. Tók hann stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við það. Engin ástæða sé til að taka þetta upp aftur vegna meintra atvika frá síðasta áratug. Einkum þegar þau hlutrænt séð gefi ekki tilefni til þess. Þyrfti hvoru tveggja að vera fyrir hendi, að mótaðilinn upplifði þau sem kynferðislega áreitni og að hinum hafi verið það ljóst. Fyrirbyggjandi ráðstöfunum sé lokið af hálfu atvinnurekanda sem ekki verði teknar upp, hvorki á grundvelli 24. eða 25. gr. stjórnsýslulaga.

## 6. NIÐURSTADA

### 6.1 *Krafa gagnaðila um frávísun*

Gagnaðili krefst þess aðallega að kvörtum málshefjanda verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar og byggir á því að úrskurðarnefndin geti einungis gripið til úrræða gagnvart agabrotum og þeim sé ekki til að dreifa. Þá geti nefndin ekki tekið afstöðu til fullyrðinga um brot á 199. gr. almennra hegningarlaga. Loks sé það ekki úrskurðarnefndar að meta hvort í háttsemi gagnaðila felist brot gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Úrskurðarnefnd telur að málshefjandi eigi lögvarin rétt á því skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga að leita til úrskurðarnefndar með kvörtun sína. Þó úrskurðarnefndin geti mögulega ekki beitt úrræðum gagnvart siðferðisbrotum eigi málshefjandi rétt á því að vita hvort í háttsemi gagnaðila gagnvart henni felist möguleg siðabrot. Þegar af þessari ástæðu er ekki unnt að fallast á frávísunarkröfu gagnaðila.

### 6.2 *Efnisleg umfjöllun*

Við úrlausn máls þessa telur úrskurðarnefndin að ekki verði framhjá því litið að háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda er að verulegu leyti viðurkennd af hálfu gagnaðila.

Gagnaðili kannast við að hafa boðið málshefjanda fótanudd. Málsaðilum ber þó ekki saman um fjölda skipta sem gagnaðili bauð henni fótanudd. Málshefjandi segir það hafa verið mörgum sinnum á ári, en gagnaðili viðurkennir að það hafi hann gert sennilega tvisvar fyrir árið 2011. Frásögn málshefjanda um fótanudd er því staðfest þó ágreiningur sé um fjölda skipta.

Gagnaðili kannast á hinn bóginn ekki við að hafa sleikt tær málshefjanda eins og hún lýsir að hann hafi gert einu sinni. Hvað þessa háttsemi varðar getur úrskurðarnefndin ekki tekið afstöðu gegn eindregnum andmælum gagnaðila, en bendir þó á að málshefjandi skýrði frá þessu atviki í samtíma og styður það frásögn hennar.

Málsaðilum ber saman um að gagnaðili faðmi málshefjanda oft með þeim hætti að hann heldur henni fast, lyftir henni upp svo hún hangi og geti sig hvergi hrært í faðmi hans. Í þessum kringumstæðum kyssi hann hana oft á kinn. Málshefjandi segir gagnaðila einnig narta eða sleikja eyru eða eyrnasnepla. Því mótmælir gagnaðili harðlega og segir tungu sína aldrei hafa snert eyru málshefjanda. Þessi faðmlög gagnaðila eru því staðfest. Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila getur úrskurðarnefndin ekki lagt mat á það hvort gagnaðili hafi einnig nartað í eyru málshefjanda eða sleikt þau, en bendir þó á að málshefjandi hefur skýrt öðrum frá atvikum sem þessum í samtíma og styður það frásögn hennar.

Fyrir liggur að málshefjandi kvartaði ásamt öðrum [...] til fagráðs yfir framkomu gagnaðila hvað fótanuddið varðaði árið 2010. Þáverandi formaður fagráðs skýrði gagnaðila frá kvörtun [...] í ársbyrjun 2011 þegar þriðja kvörtunin um sambærilega háttsemi gagnaðila barst fagráðinu. Gagnaðili leitaði sér þá stuðnings. Hann virðist hafa beðið málshefjanda afsökunar þó með fyrirvara um hvort hann hefði gert henni eitthvað rangt. Málsaðilar eru sammála um að tilboð um fótanudd hafi hætt eftir þetta, en önnur háttsemi hans, sem málshefjandi kvartar yfir hélt áfram.

Þó gagnaðili hafi leitað sérfræðiaðstoðar á árinu 2011 til að læra betur að setja sér mörk í samskiptum við aðra, einkum konur, virðist honum ekki hafa lærst í þeirri aðstoð að faðmlög þar sem öðrum einstaklingi er haldið fast í lausu lofti, væru utan þeirrar hegðunar sem ásættanleg er. Þessi faðmlög héldu því áfram af hálfu gagnaðila gagnvart málshefjanda. Bendir það til að árangur viðtala gagnaðila við sálfræðing árið 2011 hafi verið takmarkaður og ófullnægjandi.

Fyrir liggur að samskipti málsaðila á vinnustað þeirra voru að mörgu leyti vinsamleg og hlý en um margt óvenjuleg. Ómótmælt er að málshefjandi leitaði til gagnaðila um faðmlög þegar henni fannst hún þurfa hlýju, sat í kjöltu hans og þau færðu hvort öðru gjafir. Á sama tíma kemur fram endurtekin lýsing málshefjanda um framkomu gagnaðila sem málshefjandi upplifði sem þvingandi og streituvaldandi og hún var svipt völdum, sbr. að henni var lyft frá gólfi í faðmlagi og olli þessi háttsemi gagnaðila henni streitu og vanlíðan. Þó heppilegra hefði verið að á einhverjum tímamarki hefði málshefjandi treyst sér til að greina gagnaðila frá vanlíðan sinni vegna þessarar framkomu hans telur úrskurðarnefndin þær kröfur óraunhæfar til málshefjanda vegna eðlis framkomu gagnaðila, sem hann sýndi henni endurtekið.

Það er að mati úrskurðarnefndar umhugsunarefni að gagnaðili skyldi ekki endurskoða alla háttsemi sína gagnvart málshefjanda fyrst eftir samtal [...] við hann í mars 2010 sem vikið er að í yfirlýsingu [...] frá 10. október 2017 og á ný eftir viðtalsmeðferðina árið 2011. Í áðurgreindri yfirlýsingunni skýrir [...] frá því að hún hafi líklega í apríl 2010 hitt gagnaðila á skrifstofu hans í [...] til að ræða við hann atvikið sem varð milli þeirra. [...] segir að gagnaðili hafi verið mjög undrandi á að hún hafi upplifað atvikið óviðeigandi og velti því fyrir sér hvað málshefjandi mætti segja því miðað við það hafi framkoma hans við hana verið mun alvarlegri. [...] segist ekki hafa nefnt nafn málshefjanda við gagnaðila af fyrra bragði og upplifði sig ekki í aðstöðu til að ræða það við hann frekar.

Úrskurðarnefndin getur því ekki aðra ályktun dregið en að hvorki samtal [...] né viðtalsmeðferðin hafi kennt gagnaðila það að sú framkoma sem hann hélt áfram að sýna málshefjandi væri óviðeigandi og ósæmileg.

Í máli þessu er eins og að framan er rakið óskað eftir afstöðu úrskurðarnefndar til þess hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda feli í sér aga- eða siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Hugtökin agabrot og siðferðisbrot eru ekki skýrð í þjóðkirkjulögunum eins og fram kemur í úrskurði áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/1999 frá 3. september 1999. Áfrýjunarnefndin telur að í agabroti felist brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara, sbr. 11. gr. þjóðkirkjulaga um kirkjuaga. Úrskurðarnefndin telur að miðað við skilgreiningu áfrýjunarnefndar á agabroti teljist háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda ekki agabrot.

Í sama úrskurði áfrýjunarnefndarinnar segir að hugtakið siðferðisbrot hafi mjög óljósa merkingu í lagamáli. Ganga megi að því vísu að siðferðisbrot þurfi ekki að vera refsivert brot að lögum, jafnvel ekki neins konar réttarbrot. Siðferðisbrot þurfi ekki heldur að vera svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt sé að miða við eins konar vísireglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm

til þess að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skipti verulegu máli hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verði að gera strangar kröfur til [...] þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sinum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru í fyrirsvari fyrir. Það er mat úrskurðarnefndar að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hljóti alltaf að teljast siðferðisbrot skv. 12 gr. þjóðkirkjulaga.

Kemur þá til skoðunar hvort í háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda hafi falist kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni. Fyrir liggur að háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda stóð yfir um 15 ára skeið. Á tímabilinu giltu mismunandi lagaákvæði um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Skal fyrst vikið að tímabilinu 2002 til 2008 og skoðað hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda á þeim tíma, þ.e. fótanudd og faðmlög eins og þeim er að framan lýst teljist kynferðisleg áreitni skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, eins og málshefjandi heldur fram. Samkvæmt tilgreindu lagaákvæði telst kynferðisleg áreitni sú kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi, er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Það er mat úrskurðarnefndar að hegðun gagnaðila gagnvart málshefjanda í máli þessu megi fella undir lagaákvæðið að því frátöldu að aldrei reyndi á hvort hann léti af háttseminni. Í því ljósi er ekki unnt að fella háttsemi gagnaðila undir skilgreiningu hugtaksins kynferðisleg áreitni samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000.

Verður þá vikið að tímabilinu 2008 til 2014 og skoðað hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda á þeim tíma, þ.e. fótanudd og faðmlög eins og þeim er að framan lýst falli undir hugtökin kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni, eins og málshefjandi heldur fram. Hugtökin kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni eru skilgreind í 3. - 5. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008. Á þessu tímabili var ekki búið að breyta skilgreiningu þeirra eins og gert var með 1. gr. laga nr. 62/2014. Í skilgreiningu hugtakanna kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni var á þeim tíma gerð krafa um að háttsemin héldi áfram eftir að skýrt væri gefið í skyn að hegðunin væri óvelkomin. Þegar af þeirri ástæðu fellur háttsemi sú sem gagnaðili telst hafa sýnt málshefjanda ekki undir lög nr. 10/2008 því fyrir liggur að fótanuddið hætti um leið og gagnaðili fékk að vita að sú hegðun hans væri óvelkomin. Gagnaðili fékk engin skýr skilaboð um að faðmlögin væru óvelkomin.

Verður þá vikið að tímabilinu 2014 til 2017 og skoðað hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda á þeim tíma, þ.e. faðmlögin eins og þeim er að framan lýst falli undir hugtökin kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni, eins og málshefjandi heldur fram. Skilgreiningu þessara hugtaka var breytt með 1. gr. laga nr. 62/2014 og fellt niður það skilyrði að háttsemin héldi áfram eftir að skýrt væri gefið í skyn að hegðunin væri óvelkomin. Forsenda þess að um kynbundið ofbeldi sé að ræða er að það leiði til líkamlegs kynferðislegs skaða eða þjáningar þess sem fyrir því verður. Forsenda þess að um kynferðislega áreitni eða kynbundna áreitni sé að ræða er að hegðunin sé í óþökk þess sem fyrir henni verður, skapi aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegrar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir þann sem fyrir því verður og hafi þau áhrif eða tilgang að misbjóða virðingu viðkomandi. Faðmlögin voru í óþökk málshefjanda og sköpuðu aðstæður sem voru niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir hana. Faðmlögin höfðu þau áhrif að þau misbuðu virðingu málshefjanda. Það er niðurstaða úrskurðarnefndar að frá 4. júní 2014 hafi framangreind háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda, sem málsaðilum ber saman um að gagnaðili hafi viðhaft, falið í sér kynbundna áreitni, þ.e. hangandi faðmlög þar sem málshefjandi gat sig hvergi hrært og kossar á kinn. Í því felst að frá 2014 hefur gagnaðili gerst sekur um siðferðisbrot gagnvart málshefjanda.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemi gagnaðila á árunum 2002 - 2014 teljist siðferðisbrot skv. 12. gr. þjóðkirkjulaga óháð því að háttsemin teljist ekki kynferðisleg áreitni samkvæmt ákvæðum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem þá voru í gildi.

Í framangreindum úrskurði áfrýjunarnefndar segir að við mat á því hvað sé siðferðisbrot beri að veita úrskurðaraðilum svigrúm til að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma. Þá skiptir staða viðkomandi verulegu máli og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Það er álit nefndarinnar að almennt verði að gera strangar kröfur til [...] þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sínum. Fyrir liggur að háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda stóð yfir frá 2002 til 2011 hvað fótanuddið snerti og 2002 - 2014 hvað hangandi faðmlögin varðar. Nefndin telur hvoruga háttsemina hófsama né sæmandi [...]. Það er því niðurstaða úrskurðarnefndar að gagnaðili hafi með þessari háttsemi sinni gagnvart málshefjanda á árunum 2002 til 2014 gerst sekur um siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurðarnefndin getur ekki fallist á að neitt af framkomu gagnaðila gagnvart málshefjanda feli í sér brot á 5. og 11. tölul. almennra siðareglna starfsmanna ríkisins eins og málshefjandi heldur fram.

Úrskurðarnefndin felst á að í allri háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda, sem aðilar eru sammála um að hafi verið í gangi, allt frá 2002 og til byrjunar árs 2017, þegar háttsemin hætti, hafi falist brot af hálfu gagnaðila á siðareglum [...] fyrst frá 1994 og síðan frá 2007.

Það er því niðurstaða úrskurðarnefndar að í háttsemi gagnaðila frá 2002 til 2011 þar sem hann endurtekið nuddar fætur málshefjanda gegn hennar vilja og frá 2002 til 2017 endurtekið faðmar málshefjanda, heldur henni í faðmi sínum þannig að hún hangir og getur sig hvergi hrært og kyssir hana á kinnar feli í sér siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. þjóðkirkjulaga.

### 6.3 *Á hvaða málum byggði biskup úrræði sín gagnvart gagnaðila sbr. bréf dags. 29. maí 2017?*

Í gögnum málsins kemur fram að biskup beitti gagnaðila viðurlögum sumarið 2017 vegna máls nr. 1/2017 og einhverra fleiri mála sem óljóst er vísað til bæði í minnisblaði biskups dags. 25. apríl 2017 og bréfum biskups 3. og 29. maí 2017. Biskup veitti gagnaðila tital, sendi hann í tímabundið leyfi og gerði honum að leita sér sérfræðiaðstoðar. Að þeim stuðningi loknum samþykkti biskup að gagnaðili kæmi aftur til starfa í [...] í ágúst 2017.

Úrskurðarnefndin taldi sig þurfa upplýsingar frá biskupi um það nákvæmlega hvaða vitneskja lá hjá henni um mál nr. 1-5/2017 þegar hún ritaði gagnaðila bréf 29. maí 2017 og gaf honum kost á að mál hans yrði ekki frekar rannsakað féllist hann á tillögu biskups um afgreiðslu vegna kvörtunar málshefjanda í máli nr. 1/2017. Í svari biskups frá 12. febrúar 2018 kemur fram að við meðferð máls nr. 1/2017 vissi biskup einnig af málum nr. 2/2017 og þessu máli, þ.e. máli nr. 5/2017. Í sama tölvubréfi staðfesti biskup frásögn [...] í yfirlýsingu 10. október 2017 um að [...] skýrði biskupi í árslok 2014 frá atviki milli hennar og gagnaðila 2010.

Gögn málsins benda til þess að engar skriflegar samantektir voru gerðar um umfang vitneskju biskups um mál nr. 2/2017 og 5/2017 því úrskurðarnefndin hefur með tölvubréfum 16. október og 16. nóvember 2017 óskað eftir upplýsingum um aðrar ábendingar um mögulega ósæmilega hegðun gagnaðila í málum nr. 1-5/2017 og þá gögnum þar að lútandi. Af svarbréfum sviðstjóra lögfræðisviðs biskupsstofu 25. október og 17. nóvember 2017 verður ekkert annað ráðið en að úrskurðarnefndin hafi fengið öll gögn frá biskupsstofu. Þessar upplýsingar eru þó ekki í samræmi við það að [...] skýrði biskupi í árslok 2014 af atvikinu milli hennar og gagnaðila og biskup staðfestir það með tölvubréfinu 12. febrúar 2018. Sú vitneskja varð biskupi því ekki tilefni til að hefja rannsókn á mögulegri ósæmilegri hegðun gagnaðila.

Málsaðilar í þessu máli eru samstarfsmenn í þjóðkirkjunni. Úrskurðarnefndin telur því að um leið og biskup fékk vitneskju um mögulega ósæmilega háttsemi gagnaðila gagnvart tveimur [...], [...] og öðrum ónafngreindum í árslok 2014 hafi biskupi sem æðsta stjórnanda borið að bregðast við samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum. Þar kemur fram að atvinnurekandi skuli bregðast við eins fljótt og kostur er komi fram ábending eða kvörtun um einelti á vinnustað. Hið sama gildi þegar rökstuddur grunur sé um að einelti eða önnur ótilhlýðileg háttsemi í garð starfsmanna eigi sér stað innan vinnustaðarins. Í frásögn [...] í árslok 2014 fólst ábending um ótilhlýðilega háttsemi af hálfu gagnaðila gagnvart a.m.k. tveimur [...] innan þjóðkirkjunnar. Eftir að ný og ítarlegri reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum gekk í gildi er enn ljósara að biskupi sem æðsta stjórnanda bar að grípa til aðgerða vegna þeirrar vitneskju sem embættið þá þegar bjó yfir og í síðasta lagi eftir að mál nr. 1/2017 barst á borð biskups 10. apríl 2017 og í ljós kom að fleiri kvartanir höfðu borist vegna gagnaðila.

Fyrir liggur samkvæmt tölvubréfi biskups frá 12. febrúar 2018 að málshefjanda var boðið að flytja skrifstofu sína eftir að mál nr. 1/2017 kom upp. Engin úttekt hefur hins vegar verið gerð eins og 7. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 býður. Þvert á móti var gagnaðila boðið með bréfi 29. maí 2017 að samþykkja viðurlög sem áður hafa verið rakin, gegn loforði um að engin frekari rannsókn yrði gerð. Þá skýrði biskup gagnaðila frá því í tölvubréfi 26. maí 2017 að bréf frá lögmanni hans myndi engu breyta um málsmeðferðina hjá embættinu. Biskup hefði agavald samkvæmt 11. gr þjóðkirkjulaga.

Engin leið er að vita hversu mikið biskup vissi um mál málshefjanda í þessu máli þegar gagnaðila var gert framangreint tilboð. Ýmislegt bendir til að biskup hafi einungis vitað um fótanuddið en um það verður þó ekki fullyrt með vissu. Hefði mál málshefjanda í þessu máli strax verið skoðað í apríl 2017 þegar biskup fékk formlegri vitneskju um það, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1009/2015 hefði málið verið upplýst með þeim hætti sem ber að gera og möguleg viðbrögð gagnvart gagnaðila byggst á fullri vitneskju um þetta mál og fleiri kvartanir gagnvart honum sem fyrir liggur að biskup vissi eitthvað um, að virtu eðlilegum ferli þess samkvæmt meginreglum stjórnáráðgjafarinnar.

Úrskurðarnefndin telur að meðferð biskupsembættisins á þeim upplýsingum sem það hafði um mál málshefjanda í þessu máli hafi verið miklum annmörkum háð. Þá verður ekki framhjá því horft að mati nefndarinnar að með tilboðinu til gagnaðila í bréfi biskups frá 29. maí 2017 hafi mögulega falist vilji til að upplýsa ekki málið til fullnustu eins og stjórnvaldi ber að gera í kringumstæðum sem þessum. Frekari umfjöllun um þetta atriði er utan verkefnis úrskurðarnefndinnar í þessu máli og verður því ekki frekar vikið að því hér.

#### 6.4 *Möguleg úrræði gagnvart gagnaðila vegna siðferðisbrota gagnvart málshefjanda*

Kemur þá til skoðunar hvort og þá hvaða úrræði úrskurðarnefndin getur mögulega lagt til að biskup grípi til gagnvart gagnaðila vegna siðferðisbrota hans gagnvart málshefjanda.

Vegna óvissu um umfang vitneskju biskups um efnisþætti máls nr. 5/2017 þegar hún beitti gagnaðila viðurlögum sbr. bréf dags. 29. maí 2017 getur úrskurðarnefndin ekki lagt annað til en að biskup fái utanaðkomandi lögfræðiaðstoð til að fara yfir málið og kanna hvort forsendur séu til frekari viðurlaga gagnvart gagnaðila, umfram þau viðurlög sem gripið var til samkvæmt bréfinu frá 29. maí 2017 og hann samþykkti. Sé það mat utanaðkomandi ráðgjafa að mögulegt sé að grípa til frekari úrræða gagnvart gagnaðila telur úrskurðarnefndin sérstaka ástæðu til að áréttu að í því ferli öllu verði meginreglur stjórnáráðgjafarinnar virtar. Á það skorti í veigamiklum atriðum gagnvart gagnaðila við meðferð biskups og biskupsembættisins á kvörtun málshefjanda í máli nr. 1/2017.

### 6.5 Aðrar kröfur málshefjanda

Málshefjandi krefst þess einnig að úrskurðarnefndin ákveði að hún fái launað leyfi frá embætti sínu í tvo mánuði á árinu 2018 og að biskupsstofa greiði fyrir hana 20 sálfræðitíma.

Þó þessar kröfur málshefjanda séu báðar utan þess sem lög eða starfsreglur sem úrskurðarnefndin starfar eftir heimila henni að fallast á hefur úrskurðarnefndin ákveðið, í ljósi þess hvernig mál þetta allt er vaxið, að beina því til biskups að á þessar kröfur málshefjanda verði fallist.

\*\*\*

Háttsemi sú sem málshefjandi mátti þola af hálfu gagnaðila fékk að viðgangast í 15 ár. Gagnaðili virðist hafa verið ófær um að átta sig á því, án ábendinga, hversu óviðeigandi háttsemi hans var gagnvart málshefjanda. Stuðningur sem hann sótti sér 2011 virðist ekki hafa hjálpað honum við að tengja það sem hann lærði þar við þá háttsemi sem hann hélt áfram að sýna málshefjanda og hún hafði ekki skýrt kvartað þá yfir. Gögn málsins bera með sér að málshefjandi treysti ýmsum í nærumhverfi sínu fyrir því hversu mikinn ama hún hafði af háttseminni.

Afskiptaleysi umhverfis málshefjanda og getuleysi gagnaðila til að gera sér grein fyrir því hversu óviðeigandi hegðun hans var er þeim mun alvarlegra fyrir þá sök að árið 1998 setti þjóðkirkjan sér starfsreglur um meðferð kynferðisbrota í þeim tilgangi að tryggja að brugðist sé tafarlaust við háttsemi af því tagi. Starfsreglurnar mæla fyrir um málsmeðferð kvartana. Starfsreglurnar hafa einnig þann tilgang að opna, auka og efla umræðu um kynferðisbrot innan þjóðkirkjunnar því það er yfirlýst stefna hennar að slíka háttsemi ætlar kirkjan aldrei að leyfa að þrífast.

Þrátt fyrir þessar reglur og þá umræðu sem meðferð kynferðisbrota hefur fengið innan þjóðkirkjunnar síðustu tvo áratugi eða svo þykir ljóst að þær hafi ekki náð tilætluðum árangri. Er það niðurstaða úrskurðarnefndar að mál þetta kalli á að nógildandi starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar verði endurskoðaðar sem og málsmeðferð kvartana vegna kynferðisbrota. Þá þarf að auka og efla skilning og þekkingu á ólíkum birtingarmyndum kynferðislegrar áreitni, kynbundins ofbeldis og áreitni sem og efla umræðu innan þjóðkirkjunnar þannig að allir þekki þær reglur sem gilda á þessu sviði. Með þeim hætti má stuðla að því að starfsfólk þjóðkirkjunnar sé betur í stakk búið til að grípa tafarlaust inní þegar nauðsyn krefur.

### Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu gagnaðila er hafnað.

Fallist er á kröfu málshefjanda um að í háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda hafi falist siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. þjóðkirkjulaga.

Úrskurðarnefnd beinir því til biskups að kannað verði hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda leyfi að lögum frekari viðurlög en þegar hefur verið gripið til gagnvart gagnaðila samkvæmt bréfi biskups 29. maí 2017.

Úrskurðarnefnd beinir því til biskups að fallist verði á kröfu málshefjanda um tveggja mánaða launað leyfi á árinu 2018 og að málshefjandi fái 20 tíma hjá sálfræðingi á kostnað biskupsstofu.

\*\*\*



Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. þjóðkirkjulaga innan þriggja vikna frá því að málshefjanda var tilkynnt um hann.<sup>1</sup>

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Dögg Pálsdóttir (sign.)

Elsa S. Þorkelsdóttir (sign.)

sr. Svavar Stefánsson (sign.)

Sérfróður aðili, sem úrskurðarnefndin kvaddi sér til fulltingis skv. 12. gr. starfsreglna nr. 730/1998

Dr. Berglind Guðmundsdóttir (sign.)

---

<sup>1</sup> Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.